



FJÖLMÍÐLANEFND

17. október 2012

Ákvörðun nr. 2/2012

Erlent myndefni á Stöð 2 Krakkar án íslensks tals eða texta og miðlun auglýsinga í dagskrá ætluðum börnum yngri en 12 ára

I.

Málsmeðferð

1.

Fjölmiðlanefnd ákvað á grundvelli 4. másl. 1. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 að taka til athugunar hvort 365 miðlar ehf. (365 miðlar) hefðu brotið gegn 29. gr. laganna með miðlun erlends efnis frá Disney Channel á Stöð 2 Krakkar.

365 miðlar óskuðu eftir breytingum á leyfisskilmálum vegna Stöðvar 2 Extra þann 15. ágúst 2012. Var óskað eftir því að breyta Stöð 2 Extra í Stöð 2 Krakkar annars vegar þar sem sýna átti vandað talsett og textað barnaefni fram eftir degi en þá átti dagskráin hins vegar að breytast í Stöð 2 Gull. Var jafnframt upplýst að breytingar á dagskrá yrðu frá og með 16. ágúst 2012. Þann 20. ágúst 2012 tók fjölmiðlanefnd erindið fyrir á fundi sínum og samþykkti skilmálabreytingu þá sem óskað var eftir. Í umsókn 365 miðla var ekki vikið að útsendingu frá Disney Channel.

Tilfni framangreindrar athugunar var að fjölmiðlanefnd fylgdist með dagskrá Stöðvar 2 Krakka og komst að raun um að 365 miðlar hættu að sýna talsett og textað barnaefni kl. 11.00 virka daga og kl. 12.00 um helgar og eftir það væri sýnt efni frá erlendu sjónvarpsstöðinni Disney Channel til kl. 17.30-18.30 en þá tæki við dagskrá Stöðvar 2 Gull. Taldi fjölmiðlanefnd að um brot á skilmálum leyfis kynni að vera að ræða en eðli máls samkvæmt þarf starfsemi 365 miðla að vera í samræmi við skilmála leyfisins.

Með bréfi, dags. 3. september 2012, óskaði fjölmiðlanefnd eftir skýringum og sjónarmiðum 365 miðla vegna framangreinds og var þess óskað að svör bærust eigi síðar en 13. september 2012. Í bréfi fjölmiðlanefndar kom fram að samkvæmt 29. gr. fjölmiðlalaga skuli hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, jafnan fylgja tal eða texti á íslensku eftir því sem við eigi hverju sinni. Aðeins sé heimilt að



FJÖLMÍÐLANEFND

senda viðstöðulaust efni um gervitungl þegar um sé að ræða fréttir eða fréttatengt efni en við slíkar aðstæður skuli fjölmiðlaveita eftir því sem kostur sé láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa, en ekki verði séð að undanþáguákvæðið eigi við í þessu tilviki. Bent var á að hér væri ekki um neinar efnislegar breytingar að ræða í lögum um fjölmiðla, en nánast samhljóða ákvæði hafi verið að finna í 8. gr. útvarpslaga nr. 53/2000. Bent var á að samkvæmt 54. gr. laga um fjölmiðla leggi fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á lögaðila vegna brota á 29. gr. Þó megi falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á beitingu sekta, en í slíku tilviki sé fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt sé á heimasíðu fjölmiðlanefndar. Þá kom fram að brot gegn 29. gr. geti varðað refsingu samkvæmt 56. gr. laganna.

Í bréfi fjölmiðlanefndar var jafnframt bent á að að í dagskrá Disney Channel sem sýnd sé daglega part úr degi á sjónvarpsstöðinni Stöð 2 Krakkar séu sýndar auglýsingar en samkvæmt 5. mgr. 41. gr. laganna sé óheimilt að sýna auglýsingar í dagskrá sem ætluð sé börnum yngri en 12 ára.

2.

Fjölmiðlanefnd barst svar frá 365 miðlum með bréfi dags. 7. september 2012. Í bréfinu kemur fram að ráðstöfun 365 miðla að sjónvarpa Disney Channel á Stöð 2 Krakkar og meint ólögmati hennar séu óheppileg yfirsjón af hálfu fjölmiðlaveitunnar og verði leiðrétt hið snarasta.

Þá segir í svari 365 miðla að innan örfárra daga muni sjónvarpsdagskráin á Stöð 2 Krakkar samanstanda af eingöngu talsettu og textuðu barnaefni úr safni Stöðvar 2 og útsendingum á Disney Channel að sama skapi hætt á stöðinni.

II.

Niðurstaða

1.

Í 16. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 segir að til hljóð- og myndmiðlunar fjölmiðlaveitu sem heyrir undir lögsögu íslenska ríkisins, sem krefst tíðniúthlutnar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, þurfi leyfi fjölmiðlanefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. 365 miðlar hafa leyfi, dags. 20. apríl 2012, fyrir Stöð 2 Krakkar og Stöð 2 Gull. Á grundvelli leyfisins skulu 365 miðlar framfylgja ákvæðum fjölmiðlalaga sem gilda um þær fjölmiðlaveitur og þá fjölmiðla sem undir lögin falla. Meðal þeirra er ákvæði 29. gr. sem



FJÖLMÍÐLANEFND

fjallar um tal og texta á íslensku.

Samkvæmt 1. másl. 2. mgr. 29. gr. skal hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, jafnan fylgja tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 29. gr. á þetta þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal fjölmiðlaveita, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa, sbr. 3. másl. 2. mgr. 29. gr. Er ákvæðið efnislega samhljóða ákvæði sem var í 8. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 með þeim breytingum þó að ákvæðið á nú við um allt hljóð- og myndefni, en átti aðeins við um sjónvarpsefni í útvarpslögum. Frá skyldunni í 1. másl. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 eru jafnframt gerðar þær undantekningar í 3. mgr. sömu greinar að ákvæði 2. mgr. eiga ekki við um viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpstöðva og þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku samkvæmt 1. mgr.

Ákvæði þess efnis að erlendu efni skuli fylgja íslenskt tal og texti á uppruna sinn í 3. tölul. a í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 82/1993. Þar var kveðið á um að efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skyldi jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við átti hverju sinni. Það átti þó ekki við þegar fluttir væru erlendir söngtextar eða þegar dreift væri viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýndi að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skyldi sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur væri, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hefðu. Þá var sú undantekning jafnframt gerð að framangreind skylda átti ekki við þegar um væri að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda væri um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva.

Í athugasemdum með ákvæðinu í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 82/1993 kemur fram:

Er hér lagt til að ákvæði 6. gr. núgildandi reglugerðar um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum varðandi þá skyldu að þýða erlent dagskrárefni, sem sýnt er í sjónvarpi, verði lögfest með nánar tilgreindum undanþágum, þ.e. þegar um erlenda söngtexta er að ræða eða fréttir eða fréttatengt efni sem í sérstökum tilvikum er dreift viðstöðulaust erlendis frá og sýnir að verulegu leyti atburði er gerast í sömu andrá. Þegar svo stendur á er gert ráð fyrir endursögn þular á íslensku fylgi fréttautsendingunni eftir því sem kostur er. Þýðingar skyldan nær einvörðungu til dagskrár innlendra sjónvarpsstöðva, þar með talins Ríkisútvarpsins, [...] og er þessi tillaga gerð með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. tilskipunar



FJÖLMIÐLANEFND

Evrópubandalagsins, þar sem heimilað er að setja strangari reglur varðandi sjónvarpsdagskrár þeirra útvarpsstöðva, sem aðildarríki hafa lögsögu yfir, telji þau það nauðsynlegt vegna tungumálastefnu sinnar.

Samkvæmt þessu skal þýða hljóð- og myndefni á erlendu máli nema undantekningar þær sem fram koma í 2. og 3. mgr. 29. gr. eigi við.

Í þeim tilvikum sem hér eru til skoðunar eiga undantekningarmar í 2. mgr. 29. gr. ekki við. Þannig er hvorki um erlenda söngtexta að ræða né það að dreift sé viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá.

Þá eiga undantekningarnar í 3. mgr. 29. gr. ekki heldur við umrædd tilvik. Þannig er ekki um það að ræða að Stöð 2 Krakkar sé fjölmiðill sem starfræktur er á öðru tungumáli en íslensku né er um að ræða endurvarp sem fellur undir ákvæðið. Samkvæmt 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna er erlent endurvarp hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending frá erlendri fjölmiðlaveitu sem er móttækin af innlendri fjölmiðlaveitu og hún endurvarpar til notenda hér á landi um þráð eða þráðlaust. Samkvæmt 15. gr. skal fjölmiðlaveita tilkynna til fjölmiðlanefndar hljóð- og myndmiðlunarefni sem er endurvarpað erlendis frá af fjölmiðlaveitu sem fellur undir gildissvið laganna. Stöð 2 Krakkar er ekki erlend endurvarpsstöð samkvæmt 15. gr. fjölmiðlalaga, heldur miðill sem hlotið hefur leyfi samkvæmt 16. gr., auk þess sem gert er ráð fyrir því að um viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva sé að ræða til að undantekning 3. mgr. 29. gr. eigi við. Ekki er um slíkt að ræða.

2.

Samkvæmt 5. mgr. 41. gr. fjölmiðlalaga er óheimilt að miðla auglýsingum og fjarkaupainnskotum í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára. Bannið hefst 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og stendur þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur.

Á Disney Channel eru reglulegir auglýsingatímar í dagskrá sem ætluð er börnum yngri en 12 ára en slíkt er óheimilt samkvæmt framangreindu ákvæði.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um fjölmiðla kemur fram að markaðssetning gagnvart börnum sé afar umdeild og njóti sú skoðun æ meira fylgis að auglýsingum skuli ekki beint sérstaklega að börnum. Í greinargerðinni segir:

Ástæða þess er fyrst og fremst sú að börn geta ekki talist upplýstir og sjálfstæðir neytendur vegna áhrifagirni og reynsluleysis auk þess sem þau hafa ekki fjárræði. Að



FJÖLMIDLANEFND

mati margra eiga börn rétt á vernd gegn sífelldu áreiti auglýsenda sem gefa þeim misvísandi skilaboð, stundum þvert á það sem uppalandur þeirra eru að vinna að... [Í] ljósi þessa er lagt til að nefnt ákvæði verði í lög leitt... [E]r þetta jafnframt í samræmi við lagasetningu annars staðar á Norðurlöndunum...

3.

Í svari 365 miðla kemur fram að sú ráðstöfun 365 miðla að sjónvarpa Disney Channel á Stöð 2 Krakkar sé óheppileg yfirsjón af hálfu fjölmiðlaveitunnar og hafi nú verið leiðrétt af hálfu fjölmiðlaveitunnar.

4.

Það er niðurstaða fjölmiðlanefndar að 365 miðlar ehf. hafi brotið gegn 1. másl. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun Disney Channel án þess að íslenskt tal eða texti fylgi. Þá brutu 365 miðlar ehf. gegn 5. mgr. 41. gr. fjölmiðlalaga með miðlun auglýsinga í dagskrá fyrir börn yngri en 12 ára. 365 miðlar hafa hætt útsendingum á Disney Channel á stöðinni og þar með hætt miðlun þeirra auglýsinga sem þar fóru fram í kjölfar erindis fjölmiðlanefndar.

Samkvæmt h- og m-lið 54. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á lögaðila vegna brota á 29. gr. og 5. mgr. 41. gr. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta skv. 1. másl. 5. mgr. 54. gr. Með vísan til þess hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun.

III. Ákvörðunarorð

„365 miðlar ehf. brutu gegn 1. másl. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun Disney Channels á Stöð 2 Krakkar án þess að íslenskt tal eða texti fylgdi. Þá brutu 365 miðlar ehf. gegn 5. mgr. 41. gr. sömu laga með miðlun auglýsinga í dagskrá sem ætluð er börnum yngri en 12 ára.

Með vísan til 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla er fallið frá sektarákvörðun í máli þessu.“

Elfa Ýr Gylfadóttir